

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 70 29. maí 1972, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 1. september til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 1. september til 31. desember 1978:

Mjöl § 6.20 á próteineiningu í lest.

Lýsi § 435.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadóllar, § 1 = 305.60.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. september 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1978.

Loðnumjöl, § 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 3% miðað við verðhækkun eingöngu.